# Míla ehf.

Samfélagsuppgjör

**2020**

Míla ehf.
Stórhöfða 22-30  110 Reykjavík
Kt. 4602071690

# Yfirlit

Skýrsla og áritun framkvæmdastjóra ........ 3
Áritun Klappir ........ 4
Umfang og skipulagsmörk ........ 5
Lykilþættir ........ 6
Samfélagsuppgjör ........ 8
Umhverfi ........ 8
Félagslegir þættir ........ 10
Stjórnarhættir ........ 13
Aðferðafræði og skýringar ........ 14
Skýringar ........ 15

# Skýrsla og áritun framkvæmdastjóra

Sjálfbærniuppgjör Mílu ehf. fyrir árið 2020 er gert í samræmi við ESG leiðbeiningar sem Nasdaq á Íslandi og Norðurlöndunum gáfu út á árinu 2019, leiðbeiningar sem settar voru fram árið 2015 af Sameinuðu Þjóðunum, samtökum um sjálfbærar kauphallir (Sustainable Stock Exchange Initiative) og vinnuhópi hjá Alþjóðasamtökum kauphalla (World Federation of Exchange). Einnig er vísað í tilheyrandi viðmið GRI Standard (e. Global Reporting Initiative, GRI100-400) og meginviðmið (e. Reporting Principles, P1-10) alþjóðasáttmála Sameinuðu Þjóðanna (United Nations Global Compact, UNGC).

Míla notar stafræna tækni til að tryggja rekjanleika, gagnsæi og skilvirkni við söfnun gagna og miðlun upplýsinga sem tengjast umhverfismálum.

Framkvæmdastjóri staðfestir hér með sjálfbærniuppgjör félagsins fyrir tímabilið 1. janúar - 31. desember, 2020 með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. júní 2021

Jón Ríkharð Kristjánsson
Framkvæmdastjóri, Míla ehf.

# Áritun Klappir

Áritunaraðili: Dr. Jón Ágúst Þorsteinsson

Verkefnastjóri: Selja Ósk Snorradóttir

Við höfum aðstoðað við gerð sjálfbærniuppgjörs Mílu fyrir árið 2020. Uppgjörið byggir á þeim upplýsingum sem umhverfishugbúnaður félagsins Klappir, hefur safnað saman yfir árið.

Sjálfbærniuppgjörið hefur að geyma allar helstu upplýsingar um umhverfisþætti, félagslega þætti og stjórnarhætti Mílu. Við höfum skipulagt og hagað okkar vinnu í samræmi við leiðbeiningar Nasdaq frá 2019 og meginreglur Greenhouse Gas Protocol aðferðafræðinnar (Relevance, Accuracy, Completeness, Consistency, Transparency).

Klappir safnar gögnum eins örugglega frá upprunastað gagna og núverandi tækni leyfir. Losun gróðurhúsalofttegunda er reiknuð í t$CO_2$í og birt í sjálfbærniuppgjöri þessu.

Ég staðfesti hér með, með undirskrift minni, að þau gögn Mílu og birgja þess sem birt eru í sjálfbærniuppgjöri þessu fyrir tímabilið 1. janúar - 31. desember, 2020 hafa verið yfirfarin og metin eftir bestu vitund að undanskildum gögnum tengdum félagslegum þáttum og stjórnarháttum. Klappir bera ekki ábyrgð á fjárfestingaákvörðunum sem teknar eru á grundvelli þeirra upplýsinga sem hér birtast.

Reykjavík, 28. Júní 2021

Dr. Jón Ágúst Þorsteinsson
Forstjóri, Klappir hf.

# Umfang og skipulagsmörk

### Um fyrirtækið

Míla er heildsölufyrirtæki á fjarskiptamarkaði og felst kjarnastarfsemi Mílu í að byggja upp og reka innviði fjarskipta á landsvísu. Fyrirtækið var stofnað í apríl 2007 og er dótturfélag Símans hf.. Rekstur Mílu er að fullu sjálfstæður frá rekstri móðurfélagsins og var gerð sátt milli Samkeppniseftirlitsins, Símans og Mílu árið 2015, sem sneri að því að tryggja sjálfstæðan rekstur Mílu og skilgreint hversu mikil afskipti móðurfélagsins mættu vera af dótturfélaginu Mílu. Mílu er skylt að veita öllum aðilum á markaði jafnan aðgang að fjarskiptakerfum sínum og þjónustu.
Hlutverk Mílu er að vera undirstaða fjarskipta á Íslandi. Míla selur lausnir sínar til fyrirtækja og stofnana sem stunda fjarskipta-starfsemi og felst sérhæfing Mílu meðal annars í rekstri og ráðgjöf vegna uppbyggingar fjarskiptakerfa og aðstöðuleigu í tækjarýmum og möstrum. Míla leggur mikla áherslu á stöðuga uppbyggingu fjarskiptakerfis síns, auk þess að setja á markað nýjar lausnir til að mæta þörfum markaðarins. Kerfi Mílu eru grunnur að fjölþættri fjarskiptaþjónustu um allt land. Míla á og rekur víðtækt koparkerfi, ljósleiðara- og örbylgjukerfi sem nær til allra heimila, fyrirtækja og stofnana á landinu. Míla er undirstaða fjarskiptaþjónustu um allt land og er samfélagsleg ábyrgð fyrirtækisins mikil þegar kemur að öryggi fjarskipta á landinu.
Míla leggur ríka áherslu á áreiðanleika og öryggi. Míla er í stöðugri framþróun í þeim tilgangi að viðhalda forystu á fjarskiptamarkaði. Fyrirtækið ætlar sér að leita bestu lausna hverju sinni og veita faglega þjónustu. Til að halda uppi þjónustustigi á landsbyggðinni hefur Míla gert samstarfssamninga við fyrirtæki í öllum landshlutum sem sjá um rekstur og viðhald fjarskiptakerfa Mílu á viðkomandi svæðum og leggur um leið sitt að mörkum til að ýta undir atvinnulíf á viðkomandi stöðum. Míla er einnig í samstarfi við verktakafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu sem sinna verkefnum sem tengjast lagningu ljósleiðara Mílu til heimila. Samstarfsaðilar Mílu á landsbyggðinni eru alls 11, auk verktakafyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu. Samfélagsábyrgð Mílu felst ekki síst í að halda uppi öruggum fjarskiptum á landinu. Landshringur Mílu skiptir þar miklu, en það er ljósleiðarastofnleið sem liggur hringinn um landið og tengir landið við umheiminn. Um hann fara öll helstu fjarskipti innanlands og fjarskipti til og frá landinu á einn eða annan hátt. Fjarskiptaöryggi liggur meðal annars í því að Landshringurinn er hringtengdur sem gerir að verkum að ef upp koma atvik á einum stað, þá komast samböndin hinn hringinn.

### Skipulagsmörk (e. Organizational Boundaries)

Við gerð losunaruppgjörs Mílu ehf. hefur „Operational Control“ aðferðafræðin orðið fyrir valinu. Samkvæmt henni gerir fyrirtæki grein fyrir allri losun gróðurhúsalofttegunda frá þeim rekstrareiningum sem það hefur yfirráð yfir. Fyrirtækið gerir ekki grein fyrir losun gróðurhúsalofttegunda frá þeim rekstrareiningum sem það hefur ekki yfirráð yfir þrátt fyrir að það eigi hagsmuna að gæta af rekstri þeirra.

Í fyrstu sjálfbærniskýrslu Mílu var lögð áhersla á að halda einfaldleika og taka aðeins fyrir þætti er varða fyrirtækið beint, en ekki þætti er varða þriðja aðila, s.s. birgja, verktaka og aðra samstarfsaðila. Nú á öðru ári var farið í þá vinnu að ná inn losun vegna raforkunotkunar fyrirtækisins fyrir hýsingarstaði víðsvegar um landið. Losun vegna rafmagnsnotkunar fyrir 2019 var aðeins tekin inn fyrir höfuðstöðvar Mílu en hefur nú verið uppfærð út frá bættri gagnasöfnun. Einnig var eldsneyti varaaflstöðva tekið inn nú fyrir árin 2019 og 2020 en það var ekki með í fyrsta uppgjöri Mílu.

### Rekstrarmörk (e. Operational Boundaries)

Innan rekstrarmarka Mílu ehf. er losun í umfangi 1 fyrir varaaflstöðvar og bíla í eigu eða rekstri fyrirtækisins og umfangi 2 fyrir eftirfarandi rekstrareiningar: rafmagn og heitt vatn í höfuðstöðvum fyrirtækisins auk rafmagns fyrir rúmlega 1200 staðsetningar víðsvegar um landið. Þeir þættir, sem taldir eru fram í umfangi 3 í uppgjöri Mílu, eru: úrgangur sem fellur til vegna reksturs.

### Viðmiðunarár
Viðmiðunarár Mílu ehf. er 2019.

# Lykilþættir

***Kolefnisuppgjör (E1):*** Sjálfbærniuppgjör Mílu fyrir árið 2020 er annað sjálfbærniuppgjör fyrirtækisins. Losun Mílu ehf. nam 500,7 tCO2í. Losun í umfangi 1 og 2 og nam samtals 471,8 tCO2 ígilda.

***Orkunotkun (E3):*** Heildarorkunotkun Mílu nam 21.778.217 kWh. Orkunotkun samanstendur af rafmagns-, heitavatns-, og eldsneytisnotkun. Óbein orkunotkun vegna rafmagns og heitavatnsnotkunar nam 220.686.719 kWh.

***Vatnsnotkun (E6):*** Heildarnotkun Mílu á heitu vatni nam 92.784 m3 árið 2020 og lækkaði því um 9% á milli ára.

## Rekstrarþættir

| Rekstrarbreytur | Eining | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Heildartekjur | milljarður ISK | 6,30 | 6,50 |
| Eigið fé alls | milljarður ISK | 12,30 | 12,50 |
| Fjöldi stöðugilda | starfsgildi | 133,0 | 124,0 |
| Heildarrými fyrir eigin rekstur | $m^2$ | 18.619,0 | 18.619,0 |

| Árangursmælikvarði félags | Eining | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Losunarkræfni starfsmanna | $kgCO_2í$/stöðugildi | 3.855,8 | 4.038,3 |
| Þróun losunarkræfni starfsmanna | % | 100,0% | 104,7% |
| Losunarkræfni tekna | kgCO2í/mlja.ISK | 81.400,7 | 77.038,0 |
| Þróun losunarkræfni tekna | % | 100,0% | 94,6% |

# Samfélagsuppgjör

## Umhverfi

| Losun gróðurhúsalofttegunda | Eining | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Umfang 1 | $tCO_2í$ | 284,9 | 274,2 |
| Umfang 2 (landsnetið) | $tCO_2í$ | 207,6 | 197,6 |
| Umfang 3 | $tCO_2í$ | 20,4 | 29,0 |
| Kolefnisspor án mótvægisaðgerða | $tCO_2í$ | 512,8 | 500,7 |
| Samtals mótvægisaðgerðir | $tCO_2í$ | 0,0 | 0,0 |
| Kolefnisspor með mótvægisaðgerðum | $tCO_2í$ | 512,8 | 500,7 |
| E1\|UNGC: P7\|GRI 305-1,305-2,305-3\|SASB: General Issue / GHG Emissions\|TCFD: Metrics & Targets | | | |

| Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda | Eining | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Losunarkræfni orku | $kgCO_2í$/MWst | 22,4 | 23,0 |
| Losunarkræfni starfsmanna | $tCO_2í$/stöðugildi | 3,86 | 4,04 |
| Losunarkræfni tekna | kgCO2í/mlja.ISK | 81.400,7 | 77.038,0 |
| Losunarkræfni eiginfjár | $tCO_2í$/mlja.ISK | 41,69 | 40,06 |
| E2\|UNGC: P7, P8\|GRI 305-4 \|SDG: 13\|SASB: General Issue / GHG Emissions, Energy Management | | | |

| Orkunotkun | Eining | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Heildarorkunotkun | kWst | 22.859.065 | 21.778.217 |
| Þar af orka frá jarðefnaeldsneyti | kWst | 1.106.327 | 1.091.498 |
| Þar af orka frá rafmagni | kWst | 15.825.092 | 15.305.268 |
| Þar af orka frá heitu vatni | kWst | 5.927.647 | 5.381.451 |
| Bein orkunotkun | kWst | 1.106.327 | 1.091.498 |
| Óbein orkunotkun | kWst | 21.752.739 | 20.686.719 |
| E3\|UNGC: P7, P8\|GRI 302-1, 302-2\|SDG: 12\|SASB: General Issue / Energy Management | | | |

| Orkukræfni | Eining | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Orkukræfni starfsmanna | kWst/stöðugildi | 171.873 | 175.631 |
| Orkukræfni veltu | kWst/mlja.ISK | 3.628.423 | 3.350.495 |
| E4\|UNGC: P7, P8\|GRI 302-3\|SDG: 12\|SASB: General Issue / Energy Management | | | |

| Samsetning orku | Eining | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Jarðefnaeldsneyti | % | 4,8% | 5,0% |
| Endurnýjanleg orka | % | 95,2% | 95,0% |
| E5\|GRI 302-1\|SDG: 7\|SASB: General Issue / Energy Management | | | |

| Vatnsnotkun | Eining | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Samtals vatnsnotkun | $m^3$ | 130.365 | 113.578 |
| Kalt vatn | $m^3$ | 28.164 | 20.795 |
| Heitt vatn | $m^3$ | 102.201 | 92.784 |
| E6\|GRI: 303-5\|SDG: 6\|SASB: General Issue / Water & Wastewater Management | | | |

| Umhverfisstarfsemi | Eining | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Fylgir fyrirtækið formlegri umhverfisstefnu? | já/nei | Já | Já |
| Fylgir fyrirtækið sérstökum úrgangs-, vatns-, orku- og/eða endurvinnslustefnum? | já/nei | Nei | Nei |
| Notar fyrirtækið þitt viðurkennt orkustjórnunarkerfi? | já/nei | Nei | Nei |
| E7\|GRI: 103-2\|SASB: General Issue / Waste & Hazardous Materials Management | | | |

| Loftslagseftirlit / stjórn | Eining | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Hefur stjórn þín eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu? | já/nei | Nei | Nei |

E8|GRI: 102-19, 102-20, 102-29, 102-30, 102-31|SASB: General Issue / Business Model Resilience, Systematic Risk Management|TCFD: Governance (Disclosure A)

| Loftslagseftirlit / stjórnendur | Eining | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Hefur framkvæmdastjórn yfirumsjón með og/eða stýrir loftslagstengdri áhættu? | já/nei | Nei | Nei |

E9|GRI: 102-19, 102-20, 102-29, 102-30, 102-31|SASB: General Issue / Business Model Resilience, Systematic Risk Management|TCFD: Governance (Disclosure B)

| Meðhöndlun úrgangs | Eining | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Samtals úrgangur | kg | 94.845,0 | 66.378,0 |
| Þar af flokkaður úrgangur | kg | 30.694,0 | 21.622,0 |
| Þar af óflokkaður úrgangur | kg | 64.151,0 | 44.756,0 |
| Endurunnið / endurheimt | kg | 22.354,0 | 12.641,0 |
| Urðun / förgun | kg | 72.491,0 | 53.737,0 |
| Hlutfall flokkaðs úrgangs | % | 32,4% | 32,6% |
| Hlutfall endurunnins úrgangs | % | 23,6% | 19,0% |

| Úrgangskræfni | Eining | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Úrgangskræfni starfsmanna | kg/stöðugildi | 713,1 | 535,3 |
| Úrgangskræfni veltu | kg/milljarður | 15.054,8 | 10.212,0 |

| Ferðir starfsmanna til og frá vinnu | Eining | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Endurgreiðir fyrirtækið vistvænan ferðamáta starfsmanna | já/nei | Já | Já |

| Helstu orkugjafar | Eining | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Samtals eldsneytisnotkun í lítrum | lítrar | 110.517 | 109.167 |
| Bensín | lítrar | 10.204,3 | 11.463,8 |
| Dísilolía | lítrar | 100.313 | 97.703,0 |
| Samtals eldsneytisnotkun í kg | kg | 92.919,0 | 91.645,3 |
| Bensín | kg | 7.653,2 | 8.597,8 |
| Dísilolía | kg | 85.265,8 | 83.047,5 |

| Eignastýring | Eining | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Fjöldi bygginga | fjöldi | 1,0 | 1,0 |
| Skrifstofurými | fjöldi | 1,0 | 1,0 |
| Fjöldi ökutækja og tækja | fjöldi | 52,0 | 53,0 |
| Bensín / dísilolía | fjöldi | 51,0 | 52,0 |
| Rafknúin farartæki | fjöldi | 1,0 | 1,0 |

| Kolefnisgjöld | Eining | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Kolefnisgjald, gas- og dísilolía | ISK/lítra | 10,40 | 11,45 |
| Kolefnisgjald, bensín | ISK/lítra | 9,10 | 10,00 |
| Kolefnisgjald, eldsneyti | ISK/kg | 12,80 | 14,10 |
| Kolefnisgjald, hráolía o.s.frv. | ISK/kg | 11,40 | 12,55 |
| Samtals kolefnisgjald (ESR) | ISK | 1.136.111 | 1.233.336 |

## Félagslegir þættir

| Launahlutfall forstjóra | Eining | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Laun og bónusgreiðslur forstjóra (X) sem hlutfall af miðgildi launa starfsmanna í fullu starfi | X:1 | | 3,92 |
| Er þetta hlutfall sett fram af fyrirtækinu þínu í skýrslugjöf til yfirvalda? | já/nei | - | Nei |
| S1\|UNGC: P6\|GRI 102-38 | | | |

| Launamunur kynja | Eining | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Miðgildi heildarlauna karla (X) sem hlutfall af miðgildi heildarlauna kvenna | X:1 | | 1,05 |
| Niðurstaða jafnlaunavottunar | % | | 5,40% |
| S2\|UNGC: P6\|GRI: 405-2 \| SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion | | | |

| Starfsmannavelta | Eining | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|
| *Starfsmenn í fullu starfi* | | | |
| Árleg breyting starfsmanna í fullu starfi | % | 2,20% | 12,90% |
| Frávísun | % | 0,74% | 6,50% |
| Starfslok | % | 1,46% | 3,20% |
| Starfsskipti | % | | 3,20% |
| Fráfall | % | | |
| *Kyn* | | | |
| Karlar | % | 1,76% | 11,30% |
| Konur | % | 0,74% | 1,60% |
| *Aldur* | | | |
| <20 | % | | |
| 20-29 | % | | 1,60% |
| 30-39 | % | 0,74% | 2,40% |
| 40-49 | % | | 2,40% |
| 50-59 | % | | 2,40% |
| 60-69 | % | | 4,00% |
| 70+ | % | 1,46% | |
| S3\|UNGC: P6\|GRI: 401-1b\|SDG: 12\|SASB: General Issue / Labor Practices | | | |

| Kynjafjölbreytni | Eining | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|
| *Starfsmannafjöldi* | | | |
| Hlutfall kvenna í fyrirtækinu | % | 12,80% | 14,50% |
| Konur | fjöldi | 17,00 | 18,00 |
| Karlar | fjöldi | 116,00 | 106,00 |
| *Byrjenda- og millistjórnendastöður* | | | |
| Hlutfall kvenna í byrjendastarfi og næsta starfsþrepi fyrir ofan | % | 36,40% | 30,00% |
| Konur | fjöldi | 4,00 | 3,00 |
| Karlar | fjöldi | 7,00 | 7,00 |
| *Yfirmenn og stjórnendur* | | | |
| Hlutfall kvenna í stöðu yfirmanna og stjórnenda | % | 33,30% | 33,30% |
| Konur | fjöldi | 3,00 | 3,00 |
| Karlar | fjöldi | 6,00 | 6,00 |
| S4\|UNGC: P6\|GRI: 102-8, 405-1\|SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion | | | |

| Hlutfall tímabundinna starfskrafta | Eining | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Stöðugildi | fjöldi | 0,00 | 0,00 |
| S5\|GRI: 102-8\|UNGC: P6 | | | |

| Aðgerðir gegn mismunun | Eining | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Fylgir fyrirtækið þitt stefnu er varðar kynferðislegt áreiti og/eða jafnrétti? | já/nei | Já | Já |
| S6\|UNGC: P6\|GRI: 103-2 (see also: GRI 406: Non-Discrimination 2016)\|SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion | | | |

| Vinnuslysatíðni | Eining | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Heildarfjöldi áverka og banaslysa sem hlutfall af heildarfjölda starfsmanna | % | 0,00% | 3,20% |
| S7\|GRI: 403-9\|SDG: 3\|SASB: General Issue / Employee Health & Safety | | | |

| Hnattræn heilsa og öryggi | Eining | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Hefur fyrirtækið birt og framfylgt vinnuverndarstefnu og/eða heildrænni heilsu- og öryggisstefnu? | já/nei | Já | Já |
| Heildarfjarvera frá vinnu sem hlutfall af vinnustundum allra starfsmanna | X:1 | | 0,0210 |
| Fjarvera frá vinnu vegna langvarandi veikinda (X) sem hlutfall af vinnustundum allra starfsmanna | X:1 | | 0,0030 |
| Fjarvera vegna skammtímaveikinda (X) sem hlutfall af vinnustundum allra starfsmanna | X:1 | | 0,0180 |
| S8\|GRI: 103-2 (See also: GRI 403: Occupational Health & Safety 2018)\|SDG: 3\|SASB: General Issue / Employee Health & Safety | | | |

| Barna- og nauðungarvinna | Eining | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn barnaþrælkun? | já/nei | Nei | Nei |
| Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn nauðungarvinnu? | já/nei | Nei | Nei |
| Ef já, nær stefnan gegn barna- og/eða nauðungarvinnu einnig til birgja og seljenda? | já/nei | Nei | - |
| S9\|GRI: 103-2 (See also: GRI 408: Child Labor 2016, GRI 409: Forced or Compulsory Labor, and GRI 414: Supplier Social Assessment 2016) \|UNGC: P4, P5\|SDG: 8\|SASB: General Issue / Labor Practices | | | |

| Mannréttindi | Eining | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Hefur fyrirtækið birt og framfylgt mannréttindastefnu? | já/nei | Nei | Já |
| Ef já, nær mannréttindastefnan til birgja og framleiðenda? | já/nei | Nei | Nei |

S10|GRI: 103-2 (See also: GRI 412: Human Rights Assessment 2016 & GRI 414: Supplier Social Assessment 2016)|UNGC: P1, P2|SDG: 4, 10, 16| SASB: General Issue / Human Rights & Community Relations

## Stjórnarhættir

| Kynjahlutfall í stjórn | Eining | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Hlutfall kvenkyns stjórnarmeðlima (samanborið við karla) | % | 66,6% | 66,6% |
| G1\|GRI 405-1\|SDG: 10\|SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion (See also: SASB Industry Standards) | | | |

| Óhæði stjórnar | Eining | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Bannar fyrirtækið forstjóra að sinna stjórnarformennsku? | já/nei | Nei | Nei |
| Hlutfall óháðra stjórnarmanna | % | 66,60% | 66,60% |
| G2\|GRI: 102-23, 102-22 | | | |

| Kaupaukar | Eining | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Fá framkvæmdastjórar formlegan kaupauka fyrir að ná árangri á sviði sjálfbærni? | já/nei | Nei | Nei |
| G3\|GRI: 102-35 | | | |

| Kjarasamningar | Eining | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Hlutfall starfsmanna sem falla undir almenna kjarasamninga | % | 100,00 | 100% |
| G4\|UNGC: P3\|SDG: 8\|GRI: 102-41\|SASB: General Issue / Labor Practices (See also: SASB Industry Standards) | | | |

| Siðareglur birgja | Eining | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Ber seljendum fyrirtækisins og birgjum þess að já/nei fylgja siðareglum? | | Nei | Nei |
| G5\|UNGC: P2, P3, P4, P8\|GRI: 102-16, 103-2 (See also: GRI 308: Supplier Environmental Assessment 2016 & GRI 414: Supplier Social Assessment 2016\|SDG: 12\|SASB General Issue / Supply Chain Management (See also: SASB Industry Standards) | | | |

| Siðferði og aðgerðir gegn spillingu | Eining | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Framfylgir fyrirtækið siðareglum og/eða stefnu gegn spillingu og mútum? | | | Já |
| Ef já, hvaða hlutfall starfsmanna hefur formlega staðfest að þeir fylgi stefnunni? | | | 100% |
| G6\|UNGC: P10\|SDG: 16\|GRI: 102-16, 103-2 (See also: GRI 205: Anti-Corruption 2016) | | | |

| Persónuvernd | Eining | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Framfylgir fyrirtækið persónuverndarstefnu? | já/nei | Nei | Nei |
| Hefur fyrirtækið þitt hafist handa við að fylgja GDPR reglum? | já/nei | Já | Já |
| G7\|GRI: 418 Customer Privacy 2016\|SASB: General Issue / Customer Privacy, Data Security (See also: SASB Industry Standards) | | | |

| Sjálfbærniskýrsla | Eining | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Birtir fyrirtækið sjálfbærniskýrslu? | já/nei | Nei | Já |
| Inniheldur skýrslugjöf fyrirtækisins til stjórnvalda gögn um sjálfbærni? | já/nei | Nei | - |
| G8\|UNGC: P8 | | | |

| Starfsvenjur við upplýsingagjöf | Eining | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Veitir fyrirtækið þitt upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila með skipulögðum hætti? | já/nei | Nei | Nei |
| Leggur fyrirtæki þitt áherslu á tiltekin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (UN SDGs)? | já/nei | Nei | Nei |
| G9\|UNGC: P8 | | | |

| Gögn tekin út/sannreynd af ytri aðila | Eining | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Er upplýsingagjöf um sjálfbærni tryggð eða staðfest af þriðja aðila? | já/nei | Já | Já |
| G10\|UNGC: P8\|GRI: 102-56 | | | |

# Aðferðafræði og skýringar

Við útreikninga á uppgjöri Mílu ehf. er stuðst við „The Greenhouse Gas Protocol“ sem er stöðluð aðferðafræði sem innleidd hefur verið af fjölda fyrirtækja um allan heim með góðum árangri. Míla hefur lagt áherslu á að loftslagsverkefnið sé unnið innan ramma þeirra innlendu og alþjóðlegu laga og reglugerða sem snúa að umhverfismálum.

**1. Bein og óbein losun gróðurhúsalofttegunda (E1)**

The Greenhouse Gas Protocol skiptir losun upp í umfang 1, 2 og 3. Þetta er gert til að greina í sundur beina og óbeina losun.

- Umfang 1 tekur saman beina losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi fyrirtækis. Í tilfelli Mílu afmarkast umfang 1 við losun frá ökutækjum og varaaflstöðvum vegna eldsneytisnotkunar
- Umfang 2 tekur saman óbeina losun gróðurhúsalofttegunda sem tengd er raforkunotkun og notkun á heitu vatni. Losun af þessu tagi á sér ekki stað innan marka starfsemi fyrirtækisins og telst því til óbeinnar losunar.
- Umfang 3 tekur saman óbeina losun gróðurhúsalofttegunda í virðiskeðju Mílu. Sú losun, sem talin er fram í uppgjöri þessu, er losun vegna meðhöndlunar á úrgangi frá starfsstöðvum fyrirtækisins.

Greint er frá losun gróðurhúsalofttegunda í tonnum af CO2 ígildum (tCO2í). Koltvísýringsígildi er mælieining sem lýsir því magni koltvísýrings sem hefur sama hnatthlýnunarmátt (e. GWP, global warming potential) og tiltekin blanda annarra gróðurhúsalofttegunda miðað við hundrað ára tímabil. Til að mynda jafngildir metan ($CH_4$) u.þ.b. 25 koltvísýringsígildum og nituroxíð ($N_2O$) u.þ.b. 298 koltvísýringsígildum.

**2. Nettó kolefnislosun**
Nettó kolefnislosun starfsemi sýnir nettó losun fyrirtækis með teknu tilliti til aðgerða til kolefnisjöfnunar.

**3. Losunarkræfni (E2)**

Tölur um losunarkræfni eru byggðar á samanlögðu umfangi 1, umfangi 2 og umfangi 3. Losunarkræfni reiknast sem losun gróðurhúsalofttegunda á valda rekstrarþætti og er sett fram sem tCO2í á einingu (svo sem tCO2í á móti heildartekjum). Mælikvarðarnir mæla og bera losun fyrirtækisins saman við stærð rekstrarins.

**4. Bein og óbein orkunotkun (E3)**

Heildarorkunotkun mælir alla orku sem nýtt er af fyrirtækinu, að meðtöldu því eldsneyti sem notað er á ökutæki fyrirtækisins (umfang 1) og orku frá rafveitum og heitu vatni (umfang 2). Orkunotkunin er sett fram í kílówatt stundum (kWst).

**5. Orkukræfni (E4)**

Orkukræfni reiknast sem heildarorkunotkun deilt í valda rekstrarþætti og er sett fram sem kWst á einingu (svo sem kWst á starfsmann í fullu stöðugildi). Mælikvarðarnir eru notaðir til að mæla orkunýtni og bera orkunotkun fyrirtækisins saman við stærð rekstrarins.

# Skýringar

[1] Útreikningar á losun vegna rafmagnsnotkunar byggjast á meðallosun frá framleiðslu rafmagns á Íslandi, sem birt er í Landsskýrslu um losun gróðurhúsalofttegunda (Icelandic National Inventory Report) og er gefin út af Umhverfisstofnun.

[2] Árið 2019 var rafmagnsnotkun Mílu aðeins tekin inn fyrir höfuðstöðvar fyrirtækisins en rafmagnsnotkun fyrirtækisins er mun viðameiri þar sem hýsingarstaðir Mílu er staðsettir um land allt. Breytingar urðu á þessu í ár og hafa tölurnar fyrir 2019 verið uppfærðar í takt við þær breytingar. Rafmagn er nú einnig tekið inn fyrir rúmlega 1200 staðsetningar Mílu um land allt, þar á meðal eru götuskápar og tækjarými.

[3] Umhverfisstefnu Mílu má finna hér: https://www.mila.is/um-milu/stefnur/